

Fjármálakreppan á Íslandi – brást umgjörð reikningsskila?

- 8:15 - 8:30** **Skráning**
- 8:30 - 8:35** **Setning ráðstefnu**
Margret G. Flóvenz, formaður FLE
- 8:35 – 9:05** **Hlutverk fjölmiðla**
Jón Hákon Magnússon, framkvæmdastjóri KOM
Velt verður upp þeirri spurningu hvort fjölmiðlar hafi brugðist í aðdraganda banka- og efnahagshrunsins og í kjölfar þess. Eru fréttamenn nægilega vel að sér þegar kemur að umfjöllun um flókin efnahags- og fjármál sem og lestur ársreikninga? Veldur vanþekking á viðfangsefninu vöndum fréttaflutningi?
- 9:05 – 9:35** **Hlutverk hins opinbera**
Gunnar Þ. Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins
Brást lagasetning á sviði reikningsskila hér á landi? Er eitthvað í löggjöfni sem hefði átt að vera öðru vísi?
- 9:35 - 10:05** **Hlutverk endurskoðanda**
Ólafur Kristinsson, endurskoðandi hjá PricewaterhouseCoopers
Hver er ábyrgð endurskoðanda varðandi beitingu reikningsskilareglna? Hver hefur eftirlitið með endurskoðendum? Hefur eftirlit með endurskoðendum brugðist? Er þörf á að styrkja slíkt eftirlit?
- 10:05 - 10:25** **Kaffihlé**
- 10:25 – 11:05** **Siðferði í reikningsskilum**
Róbert H. Haraldsson, prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands
Hugleiðingar um hlutverk siðferðis í starfi þeirra sem koma að reikningsskilum sem og þeirra sem bera ábyrgð á reikningsskilum. Hvar og hversu mikla siðferðiskennslu fá t.d. stjórnendur fyrirtækja á Íslandi? Er ástæða til að gera bragarbót við kennsluáætlun í skólum landsins?
- 11:05 – 11:40** **Fjármálakreppan á Íslandi – ýmis reikningsskilamál**
Jóhann Ioan Constantin Solomon, endurskoðandi hjá KPMG hf.
Fjallað verður um nokkur atriði þar sem reynt hefur á beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla vegna fjármálakreppunar á Íslandi.
- 11:40 – 12:30** **Áhrif fjármálakreppunnar á alþjóðlega reikningsskilastaðla**
Stig Enevoldsen, formaður ráðgjafarhóps framkvæmdastjórnar ESB um reikningsskil (EFRAG)
Fjallað verður um viðbrögð Alþjóðareikningsskilaráðsins (IASB) við fjármálakreppunni og hvaða þróunar er að vænta á næstu misserum.
- 12:30** **Ráðstefnuslit**

Ráðstefnugjald er kr. 16.000 fyrir félagsmenn FLE en kr. 24.000 fyrir aðra gesti. Ráðstefnan gefur 4 einingar í reikningsskilahluta skv. reglugerð um endurmenntun endurskoðanda. Þátttökutilkynning berist Félagi löggiltra endurskoðanda fyrir 18. september 2009.